

**Menntaskólinn í Kópavogi**  
**02-308**

**Ársreikningur 2017**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	4
Yfirlit um afkomu ársins .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

**Menntaskólinn í Kópavogi**  
**kt. 631173-0399**  
**Digranesvegi, 200 Kópavogur**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn í Kópavogi er ríkisaðili sem er menntaskóli í víðasta skilningi, skóli bóklegra og verklegra mennta. Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, kennsla á iðn- og verknámsbrautum, einkum í matvælagreinum og kennsla ferðamálagreina í dagskóla og kvöldskóla, allt með áfanga- og fjölbrautasniði.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á liði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningsskilareglna skv. LOF.

Á árinu 2017 var ársveltan kr. 1340,3 milljónir og afkoma kr. 9,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 28,6 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 271,1 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2017 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans í Kópavogi í samræmi við lög um opinber fjármál o g ársreikningalög.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Kópavogi fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Kópavogi, 25. október 2018,

Forstöðumaður



## Yfirlit um afkomu ársins 2017

	Skýr	2017
<b>Tekjur samtals</b>		
Framlög ríkissjóðs .....	3	1.177.982.174
Seld þjónusta .....	4	4.799.035
Vörusala .....		69.649.991
Aðrar tekjur .....	5	68.124.833
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	3	<u>19.734.266</u>
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.340.290.299</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld .....	6	1.060.593.987
Annar rekstrarkostnaður .....	7	251.451.768
Afskriftir .....	8	<u>19.734.266</u>
		1.331.780.021
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>8.510.278</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	9	1.344.100
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....	10	<u>(12.575)</u>
		1.331.525
<b>Afkoma ársins</b>		<b><u><u>9.841.803</u></u></b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr	31.12.2017	Stofnefnahags- reikningur 1.1.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld og búnaður .....		114.588.214	68.371.315
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>114.588.214</b>	<b>68.371.315</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	12	4.270.617	6.075.486
Tengdir aðilar .....	13	92.060.089	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		14.921.082	1.022.900
Handbært fé .....	14	45.218.073	72.897.962
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>156.469.861</b>	<b>79.996.348</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>271.058.075</b>	<b>148.367.663</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	15	28.629.375	(29.724.422)
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>28.629.375</b>	<b>(29.724.422)</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	16	0	11.723.194
Viðskiptaskuldir .....	17	11.358	22.632.524
Ýmsar skammtímaskuldir .....	18	127.829.128	75.365.052
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	19	114.588.214	68.371.315
<b>Skuldir samtals</b>		<b>242.428.700</b>	<b>178.092.085</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>271.058.075</b>	<b>148.367.663</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
	20		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins .....		9.841.803
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir .....	8	19.734.266
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(19.734.266)
		<u>9.841.803</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(12.093.313)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....		29.842.910
		<u>17.749.597</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>27.591.400</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(65.951.165)
		<u>(65.951.165)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tengdir aðilar .....		(55.271.289)
Fjárfestingaframlag .....		65.951.165
		<u>10.679.876</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(27.679.889)
Handbært fé í byrjun árs .....		72.897.962
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>45.218.073</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS, (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, eftir því sem við á. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Breytingum frá fyrri reikningsskilaaðferðum voru gerðar í Stofnefnahagsreikning 1/1 2017 og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði staðals IPSAS 33, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikninginn og reikningsskil ársins 2017 varðar eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru eignfærðir í efnahagsreikningi og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru fyrir 1.1 2017, eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði að frádrögnum afskriftum frá upphafsdegi notkunar til ársloka 2016. Varanlegir rekstrarfjármunir voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi.

Skuldbinding vegna orlofsréttar starfsmanna í árslok 2016, áfallin og gjaldfallin, var færð til skuldar í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 og yfir eigið fé. Áður var þessi skuldbinding ekki bókuð á tímabil, en gjaldfærsla átti sér stað á árinu eftir eða síðar við greiðslu orlofsins. Við gerð ársreiknings er áætlað mótframlag ríkissjóðs á móti orlofsskuldbindingu 1/1 2017 og er sú áætlun færð yfir eigið fé.

Fjárheimildir vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum og ætlað er að mæta kostnaði á síðari tímabilum eru skuldfærðar sem frestaðar tekjur, en ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar, með framlögum. Við innfærslu varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirði verði notað til endurfjárfestinga.

Ónotuð fjárfestingarheimild í árslok 2016 var í stofnefnahagsreikningi færð sem frestaðar tekjur og nýtist á móti fjárfestingum ársins 2017.

### 1.2 Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskotanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifsta, úreldingar eða sölutaps.

### 1.3 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

## Skýringar

### 1.4 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Aðrar óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru síðar færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartíma tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna eru færður í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingaheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í yfirlit um afkomu.

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2016, eins og stofnunin hafi beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignfærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð í upphafi á gangvirði til tekna í yfirliti um afkomu, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingaheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### 1.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### 1.7 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### 1.8 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.



## Skýringar

### 2 Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

2017

### 3 Framlög ríkissjóðs

Fjárheimildir ársins .....	1.243.933.339
Fjárheimild flokkuð sem fjárfestingarheimild .....	(65.951.165)
Framlög ríkissjóðs .....	1.177.982.174
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	19.734.266
	<u>1.197.716.440</u>

### 4 Seld þjónusta

Verksala .....	359.315
Fræðslustarfsemi og fundir .....	4.439.720
	<u>4.799.035</u>

### 5 Aðrar tekjur

Leigutekjur .....	1.083.293
Sala á vöru og þjónustu .....	14.720.500
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	17.395.749
Ýmsar tekjur .....	34.925.291
	<u>68.124.833</u>

### 6 Laun og launatengd gjöld

Dagvinnulaun .....	684.322.557
Vaktaálagsgreiðslur .....	134.966
Aukagreiðslur .....	9.584.667
Yfirvinna .....	161.345.740
Orlof breyting .....	2.389.451
Launatengd gjöld .....	201.053.913
Starfsmannakostnaður .....	1.762.693
	<u>1.060.593.987</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	100
------------------------------	-----

## Skýringar

2017

### 7 Annar rekstrarkostnaður

#### Vörukaup

Bækur, ritföng, filmur o.þ.h. vörur .....	3.497.094
Byggingarvörur, almennar .....	6.402
Ýmis tæki og áhöld (ekki eignfærð) .....	2.796.366
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	270.426
Orkugjafar .....	17.269.794
Matvæli o.fl. ....	9.833.050
Almennar rekstrarvörur .....	10.392.696
Vörukaup, almenn	44.065.828

#### Vörukaup sérgreind

Rannsóknarstofuefni .....	18.253
Kennslu- og föndurvörur o.fl. ....	42.364.181
Ýmsar sérgreindar vörur .....	3.144
Vörukaup, sérgreind	42.385.578

Fundir, námskeið, risna .....	3.132.237
Ferðir, uppihald .....	5.636.863
Akstur .....	5.369.065
Sérfræðiþjónusta .....	16.041.613
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	1.606.845
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	3.139.941
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	5.683.332
	40.609.896

Afnotagjöld .....	5.653.192
Leigugjöld .....	99.244.739
Notkun véla og flutningatækja .....	326.440
Verkkaup .....	17.198.658
Kostnaðarlutdeild .....	1.381.087
Áhættutap og bætur .....	44.100
Opinber gjöld .....	149.743
Tilfærslur .....	181.478
Þjónusta II, bætur, tryggingar og opinber gjöld	124.179.437

Vörukaup I .....	211.029
------------------	---------

Annar kostnaður samtals	251.451.768
-------------------------	-------------

### 8 Afskriftir

Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	19.477.120
Rannsóknartæki .....	257.146
	19.734.266

### 9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður

Ýmsar fjármunatekjur .....	1.103.926
Gengishagnaður, endurmat .....	240.174
	1.344.100

## Skýringar

### 10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur

	<b>2017</b>
Fjármagnskostnaður .....	12.575
Gengistap, endurmat .....	0
	<u>12.575</u>

**31.12.2017**                      **1.1.2017**

### 11 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld og búnaður .....	104.423.035	57.948.990
Rannsóknartæki .....	74.269	331.415
Samtals áhöld tæki og vélar .....	104.497.304	58.280.405
Aðrar eignir .....	10.090.910	10.090.910
	<u>114.588.214</u>	<u>68.371.315</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2017:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1/1 2017 .....	110.997.487	10.090.910	121.088.397
Viðbætur á árinu .....	65.951.165	0	65.951.165
	<u>176.948.652</u>	<u>10.090.910</u>	<u>187.039.562</u>
Afskriftir 1/1 2017 .....	52.717.082	0	52.717.082
Afskrift ársins .....	19.734.266	0	19.734.266
	<u>72.451.348</u>	<u>0</u>	<u>72.451.348</u>
Staða 31.12.2017 .....	<u>104.497.304</u>	<u>10.090.910</u>	<u>114.588.214</u>

**31.12.2017**                      **1.1.2017**

### 12 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	4.270.617	6.075.486
	<u>4.270.617</u>	<u>6.075.486</u>

### 13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningar við ríkissjóð .....	43.032.625
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta .....	515.470
Áætluð leiðrétting vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017 .....	48.511.994
	<u>92.060.089</u>

### 14 Handbært fé

Sjóðir .....	114.272	32.701
Tékkareikningar .....	26.255.719	63.700.247
Sparisjóðsreikningar .....	13.148.206	0
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum .....	5.699.876	9.165.014
	<u>45.218.073</u>	<u>72.897.962</u>

## Skýringar

### 15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	<b>Hrein eign</b>
Jöfnuður 1.1. 2017 .....	(29.724.422)
Áætlað framlag vegna orlofs skv. Stofnefnahagsreikningi 1/1 2017 .....	48.511.994
Afkoma ársins .....	9.841.803
Jöfnuður 31.12.2017 .....	<u>28.629.375</u>

Orlofsskuldbinding að fjárhæð kr. 48,5 milljónir var færð yfir höfuðstól í stofnefnahagsreikningi. Áætlað framlag á móti henni er fært yfir eigið fé skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Ekki liggur fyrir samþykkt Alþingis á framlaginu.

### 16 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

	<b>31.12.2017</b>	<b>1.1.2017</b>
Viðskiptareikningar við ríkissjóð .....	0	4.423.283
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta .....	0	7.299.911
	<u>0</u>	<u>11.723.194</u>

### 18 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	50.901.445	48.511.994
Ógreidd laun .....	1.402.077	0
Önnur ógreidd gjöld .....	75.525.606	26.853.058
	<u>127.829.128</u>	<u>75.365.052</u>

### 19 Frestaðar tekjur

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talið fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárheimilda til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestinga.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingaheimilda .....	114.588.214	68.371.315
	<u>114.588.214</u>	<u>68.371.315</u>

	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga- heimildir</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 1.1.2017 .....	68.371.315	0	68.371.315
Rekstrarfjárheimild flutt á fjárfestingaheimild ársins .....		65.951.165	65.951.165
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	65.951.165	(65.951.165)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(19.734.266)	0	(19.734.266)
	<u>114.588.214</u>	<u>0</u>	<u>114.588.214</u>

Af frestuðum fjárheimildum munu kr. 24,7 millj. koma til tekna á árinu 2018.

## Skýringar

### 20 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofn hefur gert ótímabundin skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og samninga um vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 95,5 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 8 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar hvíla á eignum stofnunarinnar þann 31.12.2017.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í ársreikningalögum um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1/1 2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.